



Frá: Kristín Kröyer - UST <kristin.kroyer@umhverfisstofnun.is>

Sent: föstudagur, 22. mars 2024 09:48

Til: Björn Sigurður Lárusson <bjorn.sigurdur.larusson@langanesbyggd.is>

Efni: Mengunarrannsóknir á Heiðarfjalli

Upplýsum hér með um að Umhverfisstofnun lét framkvæma mengunarrannsóknir á og við Heiðarfjall haustið 2023. Umhverfisstofnun vill með þessu bréfi upplýsa sveitarfélagið um að samkvæmt niðurstöðum sem stofnuninni hafa borist er talsverð blý-, olíu- og PCB mengun á svæðinu og virðist grunnvatn og yfirborðsvatn og mögulega fiskur á svæðinu hafa orðið fyrir áhrifum af menguninni. Stofnunin upplýsti landeigendur um stöðuna í gær og mun funda með þeim eftir páska. Stofnunin gerir ráð fyrir að fara í áframhaldandi rannsóknir og kanna möguleika á hreinsunaraðgerðum sem ætlað er að takmarka áhrif mengunarinnar.

Stofnunin óskar eftir því að þessum upplýsingum sé ekki dreift þar sem landeigendur og hagsmunaaðilar fengið þessar upplýsingar einungis í gær og þurfa tíma til að kynna sér stöðuna.

Bestu kveðjur, Best regards

Kristín Kröyer
Sérfræðingur, Advisor

Svið umhverfisgæða

Department of Environmental Quality



Umhverfisstofnun, Environment Agency of Iceland
Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland
Sími / Phone: +354 591 2000
Veffang / Webpage: [Http://www.ust.is](http://www.ust.is)

DISCLAIMER / UM TÖLVUPÓSTINN: [Http://www.ust.is/disclaimer](http://www.ust.is/disclaimer)



From: Sif Sigurðardóttir - MAST <sif.sigurdardottir@mast.is>
Sent: Wednesday, May 8, 2024 11:28:54 AM
Subject: Dreifing mengunar - Heiðarfjall

You don't often get email from sif.sigurdardottir@mast.is. [Learn why this is important](#)

Góðan daginn,

Mig langar til að koma á framfæri upplýsingum frá Umhverfisstofnun vegna mengunar á Heiðarfjalli á Langanesi:

Í ágúst 2023 stóð Umhverfisstofnun fyrir ítarlegri rannsókn á dreifingu mengunar í jarðvegi sem og í yfirborðsvatni og grunnvatni á svæðinu. Rannsóknin var framkvæmd af Norwegian Geotechnical Institute (NGI). Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að PCB (sem er þrávirkt efni), blý, asbest og olíuefni eru til staðar í styrk langt umfram viðmiðunarmörk.

Áhættumat sem framkvæmt var í kjölfarið sýnir að þessi tilteknu efni eru í það miklu magni á svæðinu að þau skapa heilsufarshættu fyrir fólk og dýr.

Styrkur mengunar var það mikill í vatns og jarðvegssýnum að þörf er á frekari rannsóknum á þeim dýraafurðum sem eru á svæðinu og notaðar eru til neyslu.

Matvælastofnun mælist gegn því að skepnur verði settar á beit í grennd við fjallið vegna heilsufarshættu fyrir skepnurnar ásamt hættu á mengun afurða.

Gætuð þið vinsamlegast komið þessum upplýsingum áfram til þeirra bænda sem setja skepnur á beit á svæðinu.

Með fyrir fram þökk,

Bestu kveðjur / Best regards / Med venlig hilsen,
Sif Sigurðardóttir

Héraðsdýralæknir / District Veterinary Officer
Norðaustur umdæmi / Northeast district
Vettvangseftirlit / Control



Matvælastofnun / Icelandic Food and Veterinary Authority
Austurvegur 64 – 800 Selfoss – Iceland
Sími/tel: (+354) 530 4800 – www.mast.is – [Fyrirvari/Disclaimer](#)